

**638. fundur haldinn þriðjudaginn 30. apríl 2002 kl. 10:00**  
**Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

**Mætt:**

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður  
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF  
Anna Sverrisdóttir, varafulltrúi SAF  
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands  
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélag  
Kristján Þ. Júlíusson, fulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga.  
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

**1. Fundargerð 637. fundar.**

**Afgreiðsla:** Samþykkt

**2. Málefni Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík**

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu: Á fundi Ferðamálaráðs 28. desember 2001 var samþykkt að standa að óbreyttum rekstri Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Reykjavík til loka febrúar 2002. Ástæður þess voru raktar í minnisblaði formanns, sem lagt var fyrir fundinn sama dag.

Á fundi Ferðamálaráðs 8. apríl var aftur samþykkt að standa óbreytt að rekstrinum til loka maí 2002.

Nú er ljóst samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar að stefnt er að því skrifstofa sú sem skal annast umræddan rekstur taki ekki til starfa fyrr en í ársbyrjun 2003, sem eru aðrar upplýsingar en lágu fyrir þegar ákvörðun var tekin um að slíta umræddu samstarfi um rekstur UMF. Jafnframt er ljóst að Ferðamálaráð getur ekki með vísan til fjárlaga orðið við kröfum Reykjavíkur um greiðslu vegna tapreksturs UMF þar sem leita þarf eftir fjármagni á fjárukalögum. Nú er unnið að gerð samnings á milli Reykjavíkurborgar og Ferðamálaráðs á þeim grunni, sem samþykktur hefur verið í ráðinu.

Af framansögðu verður ekki séð að það séu í reynd forsendur fyrir né neinar sérstakar faglegar ástæður sem þrýsta á um að flýta afgreiðslu þessa máls. Því er gerð sú tillaga að Ferðamálaráð samþykki hliðstætt og 28. des og 8. apríl að halda umræddum rekstri óbreyttum til áramóta.

**Afgreiðsla:** Tillaga formanns samþykkt samhljóða.

**3. Scandinavian Tourism Cooperation**

Samningur um STI rennur út á miðju næsta ári. Taka þarf ákvörðun um framhaldið á næstu vikum m.a.a vegna uppsagnar húsnæðis og fleira. Lögð var fram greinagerð frá Einari Gústafssyni um málið.

**Afgreiðsla:** Ferðamálaráð lýsir yfir vilja til endurnýjunar umrædds samkomulags.

**4. Nordic Overseas Workshop ( NOW)**

Ferðamálaráð Íslands er gestgjafi næstu NOW kaupstefnu og er síðast í röð Norðurlandanna að halda þessa ferðakaupstefnu nú, en hún er samstarfsverkefni Ferðamálaráðs Norðurlanda. Lögð var fram tillaga um að NOW yrði í Reykjavík dagana 12. og 13. maí 2003.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

**5. Önnur mál**

Pétur Rafnsson kynnti tillögu að vinnuhópi vegna fjáröflunar fyrir ferðamálin. Afgreiðslu tillögunnar var frestað. Ákveðið að hafa heilsdagsfund í ráðinu á Ísafirði um miðjan júlí.

Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 11. júní kl 10:15

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 11:30